

Umsögn um 149. löggjafarþing 2018–2019.

Þingskjal 19 — 19. mál.

Það þarf að hafa hagsmuna aðila með í nefndum, starfshópum, vinnuhópum og öllum öðrum aðgerðum sem hefur eitthvað að gera með velferð, aðlögun, vellíðan, mannréttindi og daglegt líf þeirra. Þannig er hægt að tryggja að fólkið fái viðeigandi þjónustu. Ráðherrar þurfa að hætta að skipa nefndir og starfshópa sem eru alltaf af pólitískum toga. Lífið snýst ekki bara um pólitík. Það er ekki alltaf hægt að ákveða fyrir fólk hvernig það á að lifa lífinu og hvað þeim er fyrir bestu. Svo er það líka staðreynd að á Íslandi eru stjórnvöld fljót að skipa nefnd sem verður svo bara eldhús kaffibollaspjall hópur. Það gerist einfaldlega ekki neitt þegar það gerist. Hvað varð um innflytjendaráð? Er flóttamannanefnd enn starfandi? Ráðamenn eru enn mjög þröngsýnir og eru þar af leiðandi ekki alveg í raunveruleikanum. Rótin málsins er aldrei skoðað. Í stað þess er endalaust gripið til skammtíma lausnar og nefndir stofnaðar sem verða svo ekki til nein gagns.

ONE STOP SHOP ER EKKI ENDILEGA LAUSNIN HELDUR EN HVERS KONAR SHOP ÞAÐ Á AÐ VERA OG HVERJIR STÝRIR SHOPPIÐ

Fjölmenningarsetur, sem nú gegnir því hlutverki að veita innflytjendum aðstoð og þjónustu, er staðsett á Vestfjörðum, sem gerir það að verkum að flestir innflytjendur eiga ekki lengur greiðan aðgang að sérhæfðri stoðþjónustu. Langflestir innflytjendur búa á höfuðborgarsvæðinu. Þótt Fjölmenningarsetur bjóði þjónustu í gegnum síma og haldi úti góðri vefsíðu sem veitir upplýsingar á átta tungumálum, þá getur það ekki komið í staðinn fyrir bein mannleg samskipti. Lagt er til að stjórnvöld komi á fót miðstöð áþekkri Fjölmenningarsetri í Reykjavík þannig að innflytjendur sem búa á því svæði eigi aðgang að sérhæfðri aðstoð og þjónustu. Áherslu er lögð á mikilvægi þess að borgaraleg samtök sem berjast gegn kynþáttafordómum og kynþáttamisrétti eigi kost á fjármögnun. Rannsókn sýnir að menntun geti komið að mikilvægu gagni í baráttunni gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi með fræðslu um fjölbreytileika mannlífs. Ráðlegt er að veita opinberum starfsmönnum sem eiga samskipti við innflytjendur frá degi til dags nauðsynlega þjálfun í fagmannlegri framkomu í breytilegu umhverfi. Núverandi mannréttidaráðherra hunsar lög og útlendingastofnun heldur áfram að brjóta mannréttindi fólks miðað við uppruna þeirra en þá er átt við hvaðan það kemur.